Reykjavíkurborg

Reykjavík, 22. febrúar 2024
FAS23080004

Borgarráð

***Hallgerðargata 1, sala á íbúð 107***

Óskað er eftir borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning um sölu á eigninni Hallgerðargata 1, íbúð 107, til Arnars Jónssonar.

***Greinargerð:***

Á fundi borgarráðs þann 14. ágúst 2023 var samþykkt að hefja söluferli á níu íbúðum við Hallgerðargötu.

Verðmata var aflað á íbúðirnar og ásett verð ákveðið með hliðsjón af verðmötum.

Verðmat Hallgerðargötu 1, F2517419 sem er 48,1 $m^2$ íbúð nr. 01-07 var ákveðið á grundvelli verðmata frá tveimur óháðum matsmönnum og til samræmis við verðmat 8 annarra íbúða í sama húsnæði.

Ásett verð var ákveðið kr. 50.800.000,- og var þá horft til þess að íbúðin gæti fallið undir reglur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um hlutdeildarlán.

Fyrirliggjandi tilboð, sem samþykkt var með fyrirvara um samþykki borgarráðs á síðari stigum, hljóðar upp á kr. 50.000.000,-. Fyrirvarar þeir sem kaupandi setti í tilboð sitt eru ekki lengur til staðar. Greiðslutilhögun kaupsamningsgreiðslna eru eins og venja er til í hefðbundnum fasteignaviðskiptum.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

- Drög að kaupsamningi dags 22. febrúar 2024
- Söluyfirlit dags. 22. febrúar 2024
- Kauptilboð dags. 5. febrúar 2024
- Verðmat frá Gimli dags. 11. október 2023
- Vermat frá Eignamiðlun Suðurnesja, dags. 10. október 2023